

Mál nr. 254/2018**M og
vátryggingafélagið V vegna innbústryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 22.08.2018 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, vátryggingafélags, dags. 05.09.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M leigði út íbúðina G 30. nóvember – 5. desember 2017 og varð tjón á húsbúnaði og húsnæðinu á leigutímanum. V neitaði bótaskyldu. M telur að um tjónið gildi gr. 2.7. í skilmálum vátryggingarinnar nr. E-5 þar sem fram komi að tjón af völdum skemmdarverks sé bætt ef einstaklingur sem ekki hefur heimild til að vera á heimilinu eyðileggi eða skemmi innbú. Í íbúðinni hafi verið fólk sem ekki hafi haft heimild til að vera þar en erfitt sé að sýna fram á að tjóninu hafi verið valdið af þeim aðilum. Í bréfi V kemur fram að ekki komi annað fram í lögregluskýrslu en að leigjendur íbúðarinnar hafi valdið tjóninu og þótt að leigjendur hafi boðið gestum í íbúðina hafi þeir verið með heimild leigjendanna í íbúðinni. Leigjandi hafi umráðarétt yfir íbúð meðan hann hafi hana á leigu og ekki sé unnt að líta svo á að gestir sem hann bjóði í heimsókn séu þar í heimildarleysi.

Álit.

Samkvæmt skilmálum innbústryggingar E-5 bætir vátryggingin tjón á innbúi sem verður af völdum skemmdarverks. Skv. gr. 2.7. telst það skemmdarverk í skilningi þessarar vátryggingar ef einhver einstaklingur sem ekki hefur heimild hinna vátryggðu til veru eða dvalar á heimilinu, eyðileggur eða skemmir innbú, eða hluta þess, sem vátryggt er í þessari vátryggingu. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrsla sé skilað sem sönnun fyrir tjóni. Í þessu máli liggur fyrir lögregluskýrsla um tjónið. Í skýrslunni kemur ekki fram hver var ábyrgur fyrir tjóninu. Leigutaki hafði heimild til veru í íbúðinni og á vegum hans gátu aðrir aðilar komið í íbúðina og valdið tjóni. Ekki liggur fyrir í málinu hvaða aðili hafi valdið tjóninu né að sá aðili hafi ekki haft heimild til að vera íbúðinni. Af þeim sökum á M ekki rétt á bótum úr innbústryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr innbústryggingu hjá V.

Reykjavík, 25. september 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jón Magnússon, lögm.